

## Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, mánudaginn 8. janúar 2018, kl. 14:00 í fundarherbergi Hugvísindastofnunar, Aðalbyggingu H.Í.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Sólveig Anna Bóasdóttir, Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Elínborg Sturludóttir og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Staða stofnunarinnar
  - a. Stjórnarformaður sagði frá erfiðir fjárhagsstöðu stofnunarinnar, en umtalsverður halli er á rekstri hennar. Framlag frá Hugvísindastofnun hefur lækkað og er nú tæp. 400.000 þ. Einhver mótframlög vegna rannsóknarverkefna eru útstandandi. Lagt til að fjármál verði rædd nánar síðar.
  - b. Rætt um starfsskilyrði stofnunarinnar án forstöðumanns. Samkvæmt starfsreglum er stjórnarformaður starfandi forstöðumaður. Henry Alexander, aðjunkt í heimspeki, er sérfræðingur á Siðfræðistofnun; Jón Bragi Pálsson sér um vefsíðu, Fésbók o.fl. Aðstoð er veitt hjá Hugvísindastofnun, svo sem um fjármál.
3. Stjórnarformaður fór yfir starfsemi stofnunarinnar á haustmisseri 2017
  - a. Ráðstefna í samvinnu við Norrænu lífsiðfræðinefndina um líknardráp 15. september var fjölsótt og afar vel heppnuð.
  - b. Fyrirlestur Kits Christensen, Bemidji State University, haldinn 22. september í samvinnu við Heimspekistofnun og Alþjóðamálastofnun.
  - c. Ráðstefna um siðfræði íþrótta 4. nóvember. Þar fluttu m.a. ávörp rektor H.Í. og forseti Íslands.
  - d. Stjórnarformaður situr í undirbúningsnefnd fyrir alþjóðlega ráðstefnu um siðfræði á vegum LÍ og WMA sem haldin verður í október 2018.
  - e. Greint frá fundum stjórnarformanns og Henrys í forsætisráðuneytinu 28. nóvember um siðareglur ráðherra og í mennta og menningarmálaráðuneytinu sama dag um nefnd um vandaða starfshætti í vísindum.
  - f. Stjórnarformaður sagði frá þverfaglegum rannsóknarhópi sem ynni að umsókn um öndvegissstyrk til Rannís vorið 2018. Fyrirhugað rannsóknarverkefni lýtur að notkun erfðaupplýsinga í heilbrigðisþjónustu.
3. Stjórnarformaður kynnti fyrirhuguð verkefni og viðburði á vormisseri 2018
  - i. Ákveðið var að halda Ársfundur Siðfræðistofnunar 26. janúar. Þar myndi stjórnarformaður reifa „Siðfræðiannál 2017“ og í kjölfarið yrði pallborð um framsaga um valin siðfræðileg álitamál síðasta ár.
  - ii. Málþing verður haldið í tengslum við útgáfu bókar um íslenskt lýðræði.

- iii. Stjórnarformaður greindi frá því að fengist hefði styrkur frá Hugvísindastofnun til að bjóða Hans van Delden til landsins. Í tengslum við komu hans yrði haldið málþing um CIOMS reglurnar, einkum varðandi ákvæði um þátttöku almennings í stórum rannsóknarverkefnum („community engagement“).
  - iv. Björn Hoffman mun koma hingað á NordPlus styrk í mars. Hann mun kenna í námskeiðinu heilbrigðis- og lífsiðfræði og funda með þverfaglegum vinnuhópi sem undirbýr umsókn til Rannís (sbr. lið 2.f).
  - v. Rætt var um önnur möguleg málþing eða hádegisfundi vorið 2018.
  - vi. Samvinna við Læknafélag Íslands um alþjóðlega ráðstefnu um siðfræði 2.–4. okt. 2018 mun halda áfram á vormisseri.
4. Fundi slitið kl. 15:00.